



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. september 2024

MSS24080108

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins og Viðreisnar um viðbrögð við kynþáttafordómum í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs, 29. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins og Viðreisnar

Óskað er eftir svörum um hvernig viðbrögðum vegna kynþáttafordóma í grunnskólum Reykjavíkur er háttað. Hvaða aðgerða er gripið til og hvernig er staðið að forvörnum og fræðslu gegn kynþáttafordómum.

Greinargerð fylgdi.

Svar:

Aðgerðaáætlun gegn rasisma var samþykkt í skóla- og frístundaráði haustið 2023 og hefur síðan þá verið unnið að innleiðingu. Skólaárið 2023-2024 var farið í eftirfarandi vinnu:

- Niðurstöður starfshóps um Aðgerðaáætlun gegn rasisma kynnt fyrir öllum stjórnendum skóla- og frístundastarfs.
- Stofnaðir þrjú vinnuhópar með fulltrúum úr leikskólum, úr grunnskólum og frá frístundamiðstöðvum til að teikna upp verkferla í viðbrögðum við rasískum ummælum og/eða hegðun. Þessir verkferlar eru núna í skoðun í samhengi við Betri borg fyrir börn og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á næstu vikum.
- Fræðsla um hatursorðræðu og fordóma var skipulögð og haldin erindi inni á hverri miðstöð Reykjavíkur fyrir stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum þar sem jafnframt var kynnt stefna um Aðgerðaáætlun gegn rasisma.
- Myndbönd um kynþáttafordóma og viðhorf hafa verið útbúin og munu fara inn á fræðslukerfi fyrir starfsfólk borgarinnar, Torgið, á næstu vikum. Fræðslan verður kynnt vel og hugmyndin er að fræðslan verði skylda fyrir allt starfsfólk borgarinnar í skóla- og frístundastarfi og verði hluti af nýliðafræðslu.
- Hönnun á veggspjöldum um verkferla og viðbrögð við rasisma unnin í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkur.
- Hönnun á veggspjöldum um fordóma og hatursorðræðu verður unnin í samstarfi við börn og unglinga þar sem leitast verður eftir samstarfi um hönnun við þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkur.



Reykjavík



7. Fræðslutilboð til allra starfsstaða í undirbúningi og leitað að leiðum við fjármögnun til að mæta kostnaði.

Verkefnastjórar fjölmenningar á skóla- og frístundasviði leiða vinnuna og er stefnt að því að stærsti hluti innleiðingar verði lokið fyrir lok ársins 2024.